

4. Fundargerð starfshóps um stöðu og stefnu úrgangsmála á Vesturlandi, haldinn fimmtudaginn 19. nóvember 2020 kl. 16 í gegnum tölvu.

Mætt voru: Kristinn Jónasson, Unnur Þóra Sigurðardóttir, Sævar Jónsson, Finnbogi Leifsson, Pétur Davíðsson, Karitas Jónsdóttir, Eggert Kjartansson, Guðrún Reynisdóttir og Daniel Ottesen, Unnur Þóra Sigurðardóttir og Lárus Hannesson. Einnig sat fundinn Hrefna B Jónsdóttir, framkvæmdastjóri og Teitur Gunnarsson ráðgjafi. Gestir fundarins v Páll S Brynjarsson og Þór Jónsson í Stykkishólmi.

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir og Eyjólfur Ingvi Bjarnason hafa boðað forföll.

Formaður stjórnar Sorpurðunar Vesturlands hf., Kristinn Jónasson, bauð fundarmenn velkomin á annan fund starfshóps.

1. Kristinn Jónasson, formaður, setti fjórða fund kl. 16:05

2. Aðgerðaráætlun, 2. Drög

Teitur fór yfir vinnu sína og framkvæmdastjóra Sorpurðunar Vesturlands. Samtal hefur verið átt við fulltrúa allra sveitarfélaga á Vesturlandi. Sagði Teitur stöðu sveitarfélaganna á svæðinu nokkuð góða, þ.e. miðað við núverandi lagaumhverfi. Bregðast þarf við því sem framundan er.

Tölfræði og markmið hafa ekki verið lögfest en boðað er að komi í löggjöfinni.

Lífrænn úrgangur. Víðast hvar komin á sérsöfnun hjá sveitarfélögum eða í bígerð. Settar fram þrjár leiðir. Jarðgerð í Fíflholtum, safnað og jarðgert af þjónustuaðilum eða skiptigsamningur við GAJA, þ.e. lífrænn úrgangur í GAJA og eitthvað tekið á móti til Fíflholta.

Pappír og pappi. Farið yfir söfnun og leiðir.

Málmar. Söfnun og meðhöndlunarleiðir.

Plast. Söfnun og meðhöndlunarleiðir.

Gler. Söfnun sem er eingöngu á gámastöðvum í dag og nýtt í landfyllingu. Engin formleg endurvinnsla til. Sérsöfnun getur komið til og gler fallið undir lög Úrvinnslusjóðs.

Klæði/Textílar. Sérsöfnun þarf að vera komin til í öllum sveitarfélögum fyrir 1. Janúar 2025 miðað við EU reglurverk. Rauði Krossinn flokkar allt sem þar kemur inn og selur í verslunum sínum eða flytur til þróunarlanda.

Ökutækjaúrgangur. Úr sér gengin ökutæki eiga farveg í gegnum gámastöðvar. Það verkefni eru á ábyrgð Úrvinnslusjóðs.

Raf- og rafeindatækjaúrgangur. Söfnun á gámastöðvum og á ábyrgð Úrvinnslusjóðs.

Bygginga- og niðurrifsúrgangur. Byggingaúrgangur er flokkaður á gámastöðvum af íbúum. Á verkstað er skylda að flokka byggingar- og niðurrifsúrgang í gáma og senda til endurvinnslu. Þau sveitarfélög sem ekki reka gámastöðvar þurfa að tryggja íbúum aðgang að gámastöð. Framkvæmdaaðilar skulu flokka niðurrifsúrgang á verkstað og koma í viðurkennda farvegi.

Skilagjaldsumbúðir. Fer fram á vegum Endurvinnslunnar. Í farvegi.

Aðrar umbúðir. Ýmiskonar glerumbúðir og plast. Ætti að vera undir skilagjaldsskyldum umbúðum. Plastbrúsar undan matarolíu. Timburumbúðir o.fl. sett fram.

Landbúnaðarplast. Ýmist á vegum verktaka beint eða í samstarfi sveitarfélaga og verktaka.

Dýrahæ Söfnun. Í skilningi laga ekki úrgangur, heldur falla þau undir aukaafurðir frá landbúnaði, eins og sláturúrgangur. Það breytir þó ekki því að hér er um að ræða vandamál sem leysa þarf sómasamlega. Urðun er ekki framtíðin. Brennsla þarf að koma til.

Urðun heimilisúrgangs skal minnka niður fyrir 10% fyrir árið 2030. Teitur nefndi dæmi um Stykkishólm að þar væri um 40% sem fara til urðunar í dag.

Millibilsástand. Tímabundin lausn? Ljóst er að upp mun koma millibilsástand, þ.e. tímabil þar sem ekki verður búið að byggja brennslu og urðun ekki í boði. Teitur velti upp spurningunni hvort stuðningur sé við þá leið að flytja út sorp á meðan verið er að bíða eftir því að brennsla verði að veruleika á Íslandi. Brennanlegur úrgangur, sem ekki hentar til endurnotkunar og endurvinnslu þarf að komast til brennslu?

Brennsla ? Á að byggja stóra fullkomna brennslustöð fyrir allt Suðvesturhornið eða alla landið? Vilja sveitarfélög á Vesturlandi vera með í undirbúningi að brennslustöð fyrir „allt landið“ – umræða um það er í gangi á höfuðborgarsvæðinu. Þar er vilji til samstarfs, enda verkefnið stórt og mun taka nokkur ár hið minnsta.

Hvert verður hlutverk Sorpurðunar Vesturlands í framtíðinni?

Í dag er rekinn urðunarstaður og magn mun minnka hratt vegna EU regluverks og breytinga á vettvangi úrgangsmála. Dæmi tekið um skiptisamninga. Taka þátt í undirbúningi stórrar brennslustöðvar? Er vilji til sameiningar við önnur sorpsamlög.

Úrgangur frá atvinnulífinu. Sveitarfélög verða ábyrg fyrir því að sveitarfélög nái þeim markmiðum samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem innleiddar verða. Því nauðsynlegt að taka þennan lið inn í umræðuna og horfa til framtíðar.

Formaður þakkaði Teiti yfirferðina og gaf orðið laust.

Karitas ræddi möguleika í lífrænum eignum fyrir sveitarfélögin og hvort þar geti komið til nokkrir valkostir. Hún sagðist vilja sjá Fíflholt fyrir óbrennanlegan úrgang og horfa til samstarfs á vettvangi SV-hornsins. Hún vitnaði til bókuar eigendavettvangs SORPU bs. Frá 12. október sl. sem hljóðar svo:

„Þá er þess óskað af hálfu eigenda að stjórn SORPU bs taki til skoðunar að hefja könnunarviðræður við hagsmunaaðila um möguleika á stofnun undirbúningsfélags fyrir uppbyggingu vatanlegra lausna fyrir meðhöndlun úrgangs sem þjóna muni höfuðborgarsvæði og jafnvel öðrum landshlutum til framtíðar.

Karitas velti því upp hvort þessi vettvangur ætti ekki að taka afstöðu með brennslu og bóka eitthvað í þeim dúr sem hér er fram sett.

Teitur taldi sveitarfélögin á nýðri hluta svæðisins jarðgera í Stykkishólmi. Borgarbyggð jarðgerir sinn úrgang á suðursvæðinu, svo og Hvalfjarðarsveita og Skorradalshreppur en verktaki þjónustar þau.

Teitur taldi samvinnu með brennslustöð skynsamlega aðferð þar sem gríðarleg fjárfesting liggur að baka slíkri uppbyggingu.

Finnbogi sagðist ekki vera hlynntur jarðgerð í Fíflholtum. Hann sagðist fylgjandi samvinnu um brennsluverkefni og vera þar með frá upphafi. Að lokum sagðist hann á móti sameiningu sorpsamlaganna, halda eignarhaldi Fíflholta og gera skiptisamninga.

Þór. Hefur verið kostnaðargreint hvað kostar að jarðgera á hverju svæði og bera það saman við að aka lífrænum úrgangi í GAJA. (SORPU)

Er vitað hvað GAJA getur flokkað mikið?

Verðmæti Fíflholta. Hefur það verið metið umhverfislega áhrif þess að hafa urðunarstaðinn í Fíflholtum. Hann taldi aksturinn ekki tekinn inn í útreikningana hvað umhverfispáttinn varðar.

Teitur útskýrði hugmyndir í kringum GAJA Afköst 36.000 tonn af lífrænum úrgangi. Hann sagði stöðina nánast fulllestaða en enn væri verið að prufukeyra stöðina. Hann sagði Fíflholt mikils virði.

Kristinn tók undir það að Fíflholt væri margra milljarða virði. Eins og staðan er væru sveitarfélögin með gullegg í höndunum.

Kristinn fór yfir jarðgerðarhugmyndir sem skoðaðar voru árið 2019. Óhagkvæmt hefði verið að vinna lífræna úrganginn í Fíflholtum út frá kostnaði. Óhagkvæmt væri að byggja upp jarðgerð fyrir 16.000 íbúa og atvinnulíf.

Þór velti upp jarðgerð fyrir Borgarbyggð.

Hrefna ræddi umhverfispætti í tengslum við akstur en sá vinkinn var skoðaður í lífsferilsgreiningu í tengslum við svæðisáætlun árið 2007. Niðurstaðan var að aka mætti lífrænum úrgangi frá Langanesi til Reykjavíkur á dieselbíl og umhverfisliðurinn væri enn í lagi. Vegur þar hátt að beisla metan úr lífrænum úrgangi í moltugerðarfasa.

Pétur Davíðsson þakkaði kynningu Teits. Pétur taldi sveitarfélögin ættu að skoða þá leið að gera Sorpurðun Vesturlands hf. að allsherjar úrgangsfyrirtæki. Söfnun og umsýsla sorps fyrir allt Vesturland, auk reksturs urðunarstaðarins í Fíflholtum. Fyrirtækið verði yfirhattur málaflokksins á Vesturlandi. Þannig yrði best á málum haldið. Rætti Pétur nauðsyn þess að ná út endurvinnsluverðmætum.

Unnur velti upp sérhæfinigu urðunarstaðarins og hvort yrði rekstrargrundvöllur fyrir staðinn. Skiptisamningar kæmu til en duga þeir til? Ekki má fara út framkvæmdir sem eru kostnaðarsamar og það að reka urðunarstaðinn með tapi ár eftir ár.

Kristinn sagði jafnvægi verða að nást í þessu samhengi sem verður að velta upp í heildarmynd framtíðarinnar. Því taldi hann skiptisamninga skynsamlega inn í framtíðina. Staðan á SV-horni landsins rædd. Urðunarkostnaður mun hækka og gjaldskrá mun hækka og magn minnka. Urðunarkostnaður er hins vegar mjög lágur í dag miðað við það sem hann stefnir í.

Kristinn ræddi framtíðarvinnu starfshópsins. Vilja fundarmenn, sem hópur, leggja fram tillögur til eigenda? Hann taldi vinnu starfshóps vera komna á endastöð. Góð samantekt er orðin í drögum skýrslunnar og spurði formaður hvort samstaða næðist um sameiginlega niðurstöðu. Leggja má til leiðir sem sveitarfélögum verður í sjálfsvald sett hvort þau nýta sér.

Karitas tók undir það að leggja fram tillögur til eigenda félagsins. Það verði betra fyrir eigendavettvang Sorpurðunar Vesturlands hf. að taka afstöðu út frá tillögum frá starfshóps. Rætt um stóru leiðirnar sbr. brennslu og vera með í fýsileikaskoðun á þátttöku í því verkefni.

Samþykkt að taka saman í lokakafla tillögur til eigenda.

3. Fundargerð síðasta fundar.

Frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:15

Fundarritari: HBJ